



69. fundur.

27. ágúst 2015 kl. 10:00 -11:30

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Jóhanna Sif Sigþórsdóttir

Nanna Þórhallsdóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Sæþór Gunnsteinsson

Starfsmenn:

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

Dagskrá:

1. *Vatnslögn og ljósleiðari, Brún- Hjalli. Umsókn um framkvæmdaleyfi.*
2. *Aðalskipulag Skútustaðahrepps. Breyting vegna strenglagnar.*
3. *Lindahlíð. Umsókn um stofnun lóðar.*
4. *Rauðá. Umsókn um stofnun lóðar.*
5. *Mýlaugsstaðir. Umsókn um stofnun lóðar.*
6. *Bréf frá Haraldí Rúnari Sverrissyni. Erindi frá sveitarstjórn.*

1. Vatnslögn og ljósleiðari, Brún-Hjalli. Umsókn um framkvæmdaleyfi.

S20150804

Erindi dags. 24. ágúst 2015 frá Dagbjörtu Jónsdóttur, sveitarstjóra, f.h. Þingeyjarsveitar þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslag nr. 123/2012 og reglugerð nr. 106/2000 um framkvæmdaleyfi vegna 1. áfanga á lagningu kaldavatnslagnar frá vatnsbóli í landi Brúnar í Reykjadal að Laugahverfinu. Fyrirhugað er, að samhliða lagningu á kaldavatnslögn verði plægður niður ljósleiðari í sama skurð. Í 1. ágangi verða lagðar lagnir frá vatnsbóli í landi Brúnar að miðlunartanki við gamla bæinn á Hjalla. Framkvæmdin er ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umsókninni fylgir loftmynd er sýnir fyrirhugað framkvæmdasvæði.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsóknin verði samþykkt og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að gefa út framkvæmdaleyfið eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.

2. Aðalskipulag Skútustaðahrepps. Breyting vegna strenglagna.

S20121105

Skipulags- og byggingarfulltrúi leggur fram til kynningar breytingarblað vegna breytinga á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Um er að ræða óverulega breytingu sem felst í því að gert er ráð fyrir 33 kV jarðstreng ásamt ljósleiðara frá Svartárvirkjun í Bárðardal að tengivirki við Laxárvirkjun. Virkjunin og meginhluti jarðstrengja eru í Þingeyjarsveit en strengirnir verða á tveimur stöðum innan marka Skútustaðahrepps við vesturmörk sveitarfélagsins samtals um 7,5 km. Svæði við Hörgsdal er skilgreint sem óbyggt svæði en svæði norður af Stöng sem landbúnaðarland. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi er kynnt fyrir Þingeyjarsveiteins eins og 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um þar sem fyrirhuguð aðalskipulagsbreytingin er á sveitarfélagamörkum Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að ekki verði gerðar athugasemdir við þessa breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps m.a. vegna þess að hún tengist samhlíða fyrirhugaðri breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 vegna sömu strenglagna frá fyrirhugaðri Svartárvirkjun í Bárðardal að tengivirki við Laxá.

3. Lindahlíð. Umsókn um stofnun lóðar.

S20150801

Erindi dags. 15. júní 2015 frá Huldu Jónasdóttur og Kristjáni Blæ Ásmundssyni, Lindahlíð í Þingeyjarsveit þar sem þau sækja um að stofnuð verði sérstök 0,25 ha lóð undir frístundahús út úr jörðinni Lindahlíð í Aðaldal í Þingeyjarsveit. Fylgigögn með umsókn eru hnitsett lóðarblað frá Loftmyndum ehf og útfyllt eyðublað F-550 frá Þjóðskrá.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinnar og leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að stofna lóðina í fasteignagrunni Þjóðskrár.

4. Rauðá. Umsókn um stofnun lóðar.

S20150802

Erindi dags frá Steingrími Jónssyni f.h. Rarik þar sem sótt eru um að stofnuð verði sérstök 56,0 m² lóð undir rofahús út úr landi Rauðár. Fylgigögn með umsókn eru hnitsett lóðarblað frá Eflu verkfræðistofu og útfyllt eyðublað F-550 frá Þjóðskrá þar sem einn landeigandi hefur gefið leyfi sitt fyrir stofnun lóðarinnar.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinnar og leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að stofna lóðina í fasteignagrunni Þjóðskrár þegar samþykki allra viðkomandi aðila liggur fyrir.

5. Mýlaugsstaðir. Umsókn um stofnun lóðar.

S20150803

Erindi dags frá Steingrími Jónssyni f.h. Rarik þar sem sótt eru um að stofnuð verði sérstök 56 m² lóð undir rofahús út úr landi Mýlaugsstaða. Fylgigögn með umsókn eru hnitsett lóðarblað frá Eflu verkfræðistofu og útfyllt eyðublað F-550 frá Þjóðskrá þar sem landeigandi gefur samþykki sitt fyrir stofnun lóðarinnar.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinnar og leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að stofna lóðina í fasteignagrunni Þjóðskrár.

6. Bréf frá Haraldi Rúnari Sverrissyni. Erindi frá sveitarstjórn.

B20150802

Lagt fram bréf frá Haraldi R. Sverrissyni, dags. 18. ágúst 2015 sem sveitarstjórn Þingeyjarsveitar vísaði til nefndarinnar á fund sínum 20. ágúst s.l. Bréfitari óskar eftir því að sveitarfélagið beiti sér fyrir því að úrbætur verði gerðar á hávaða- og lyktarmengun frá starfsemi ÚA á Laugum.

Skipulags- og umhverfisnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra að ræða við forsvarsmenn fyrirtækis ÚA á Laugum vegna þeirra athugasemda sem fram koma í umræddu bréfi, þegar niðurstöður úr mælingum liggja fyrir.

Fundi slitið.